

Aðalfundur foreldrafélagsins við Álfastein, haldinn 26. september 2012.

1. Andrea fór yfir rekstrarreikning frá 1. október 2011 til 30. sept. 2012.

2. Jón Þór fór yfir skýrslu stjórnar starfsárið 2011-2012 (sjá næstu síðu). Því næst greindi hann frá nokkrum nýjum hugmyndum fyrir næsta vetur s.s. að fá prest í heimsókn á Álfastein á aðventunni, fara í fjöruferð á Hjalteyri og fara á Skilaboðaskjóðuna í Freyvangsleikhúsinu. Einnig kannaði hann áhuga foreldra á því að halda áfram með danskennslu og sýndu foreldrar því mikinn áhuga. Foreldrar voru líka áhugasamir um ferð á Skilaboðaskjóðuna. Við getum fengið miðann á 1500 kr á sýninguna ef 30 eða fleiri skrá sig.

3. Fyrirspurn um dósasöfnun. Andrea greindi frá því að ekkert hafi komið inn á reikninginn og honum hefur verið lokað.

4. Kosningar

Halla Björk ákvað að hætta í stjórn og í hennar stað var kosin Ólöf Björk Sigurðardóttir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Halla Björk ritaði fundargerð.

Skýrsla stjórnar foreldrafélags leikskólans Álfasteins Starfsárið 2011 - 2012

Aðalfundur haldinn 26. Sept 2012

Stjórn foreldrafélags skipa;

Andrea Keel, Ásdís Skarphéðinsdóttir, Inga Björk Svavarsdóttir, Rachel Wilkinson, Halla Björk Þorlákssdóttir og Jón Þór Benediktsson

Eftir síðasta aðalfund skipti stjórn með sér verkum og Jón Þór var kjörinn formaður, Andrea gjaldkeri og Halla Björk ritari.

Síðasta starfsár var með mjög hefðbundnu sniði. Ákveðið var á síðasta aðalfundi að vegna bágrar stöðu félagsins yrði að hækka gjaldið í foreldrafélagið um 100 kr á krakka, úr kr 400 í 500 kr. Eins var ákveðið að efla til Bingós til styrktar foreldrafélaginu.

Foreldrafélagið tók þátt í kostnaði við tvær íþróttiferðir á Þelamörk, kirkjuferð í Möðruvallakirkju, sveitaferð í Stóra-Dunhaga og fjöruferð niður á Gáseyri. Einnig sá foreldrafélagið um jólagjafir til handa krökkunum, öskudagsgjafir og tók þátt í að gefa þeim buff/skjólur á vorhátíð skólans nú í vor.

Vegna bágrar fjárhagsstöðu var ákveðið að sleppa leikhússferð þetta árið, en í staðin var farið með elstu 2 árgangana úr skólanum á generalprufu árshátíðar Þelamerkurskóla. Sú ferð heppnaðist mjög vel í alla staði og krakkarnir mjög áhugasöm og ánægð.

Bingóið var haldið þann 18. febrúar og tókst mjög vel til og söfnuðust um 18.000 kr.

Danskennslan í leikskólanum er að verða að árvissum viðburði sem heppnast vel. Þetta árið ákvað stjórnin að styrkja danskennsluna eins og undanfarin ár

Á vorhátíð skólans þann 1. júní s.l varð leikskólinn formlega að heilsuleiksskóla. Við það tilefni tók leikskólinn upp nýtt logo – merki. Leikskólinn gaf þá öllum börnunum buff eða skjólur með þessu nýja merki. Foreldrafélagið tók þátt í þeirri gjöf og naut við það styrks frá Kvenfélaginu, kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Sveitaferðin var svo farin eins og áður út í Stóra Dunhaga þann 11.maí. Þar var að venju tekið mjög vel á móti okkur. Foreldrafélagið tók þátt í þeim kostnaði líka.

Fjöruferðinni var svo frestað fram á síðsumar og var farin í ágúst út á Gáseyri. Upp hefur komið sú hugmynd að breyta því og fara frekar út á Hjalteyri og verður það skoðað á næsta starfsári.

Foreldrafélagið stendur að einhverju leiti betur fjárhagslega núna en í fyrra, eins og fram kemur í reikningum. Til stendur að efna til leikhússferðar á Skilaboðaskjóðuna í Freyvangi núna í október. Við höfum þá rætt um að hvert foreldri borgi fyrir sitt barn/börn en í krafti fjöldans fáum við miðana á kr 1.500 í stað 2.300 sem er almenna verðið. Til þess að þetta sé hægt þurfum við þó að fá 30 manna lágmarksfjölda. Þegar nær dregur ætlum við að hengja upp skráningarblað hér í Álfasteini þar sem þið verðið beðin að skrá nöfnin ykkar og fjölda miða.

Við höfum hugsað okkur að senda tilkynningu á foreldra barna í 1-4 bekk í Þelamerkurskóla um áhuga þeirra á að vera með í slíkri leikhússferð.

Stjórn Álfavina – Foreldrafélags leikskólans Álfasteins.